

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um útlendinga (aldursgreining með heildstæðu mati) 115. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 27. september 2019, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um útlendinga (aldursgreining með heildstæðu mati). Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa styður heils hugar að lögum um útlendinga sé breytt til samræmis við tilmæli frá Evrópuráðinu þannig að þegar vafi leikur á því hvort umsækjendur sem sækja um alþjóðlega vernd séu börn skuli þeir ávallt metnir sem börn en ekki sem fullorðnir, og að beitt skuli heildstæðu mati til að reyna að komast að aldri þeirra en ekki tanngreiningum sem er aðferð sem eðli málsins samkvæmt hefur töluverð skekkjumörk. Barnaverndarstofa tekur einnig undir mikilvægi þess að unnt sé að framkvæma líkamsrannsókn, þ.e.a.s tanngreiningu, í undantekingartilvikum þegar mat með öðrum aðferðum hefur ekki getað skorið úr um aldur viðkomandi með öðrum leiðum. Hér skiptir höfuð máli að börn eiga rétt á stuðningi og aðstoð í samræmi við stöðu sína sem börn sem felur í sér að mikilvægt er að afmarka aldur viðkomandi einstaklings eins nákvæmlega og unnt er svo barnaverndaryfirvöld og önnur þjónustu kerfi sem koma að máli viðkomandi barns geti lagt raunhæft mat á þá þjónustu sem barn þarf á að halda og á rétt að njóta. Leggur Barnaverndarstofa í þessu sambandi jafnframt áherslu á tryggt verði í lögum að allur vafi sem fylgir slíkri greiningu sé skýrður barni í hag.

Í frumvarpinu er fjallað um að Evrópuráðið sé nýlega búið að gefa út tilmæli um framkvæmd aldursgreininga. Að mati stofunnar er mikilvægt að fylgja slíkum tilmælum þannig samræmi fái í framkvæmd aldursgreininga í Evrópu.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst f.h. Barnaverndarstofu

Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur